Hér að neðan er að finna yfirlit um afdrif mála er varða manndráp, stórfelldar líkamsmeiðingar, stórfelld fikniefnalagabrot og kynferðisbrot, sem bárust ríkissaksóknara árið 2003, borið saman við fjögur næstu ár á undan. Það athugast að eitt mál kann að varða fleiri brot en eitt. Sömuleiðis kann ákæra að varða fleiri brot en eitt.

#### **Manndráp (211. gr. hgl.)**

Alls						Áfrýjað			
	Niðurfellt	Ákært	Sýknað í héraðsdómi	Sakfelld í héraðsdómi	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti	
Ár	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
1999	1	0	1	0	1	1	0	1	0
2000	7	0	7	1	6	3	0	3	0
2001	2	0	2	0	2	0	0	0	0
2002	5	0	5	2	3	1	0	1	0
2003	2	0	2	0	2	1	0	1	0
Alls	17	0	17	3	14	6	0	6	0

Tvö manndrápsmál bárust ríkissaksóknara árið 2003. Í öðru tilvikinu var sakfelld fyrir tilraun til manndráps, en hinu lyktaði með sýknu vegna skorts á sakhæfi og var ákærði dæmdur til að sæta öryggisgæslu. Athygli vekur að þetta er þriðja manndrápsmálið á tveimur árum, sem lýkur með sýknudómi vegna skorts á sakhæfi.

#### **Líkamsárás (2. mgr. 218. gr. hgl.)**

Alls						Áfrýjað			
	Niðurfellt	Ákært	Sýknað í héraðsdómi	Sakfelld í héraðsdómi	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti	
Ár	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
1999	4	0	4	1	3	0	0	0	0
2000	15	0	15	2	12	2	0	2	0
2001	23	2	21	8	13	4	1	3	0
2002	32	2	30	5	25	3	1	2	0
2003	33	1	31	4	25	4	0	2	2
Alls	107	5	101	20	78	13	2	9	2

Málum sem varða alvarlegar líkamsmeiðingar hefur fjölgað jafnt og þétt á tímabilinu. Árið 2003 ákærði ríkissaksóknari í 31 máli vegna brota á 2. mgr. 218. gr. hgl. Enn er ódæmt í tveimur málum.

#### **Fikniefnabrot (173. gr.a. hgl.)**

Alls						Áfrýjað			
	Niðurfellt	Ákært	Sýknað í héraðsdómi	Sakfelld í héraðsdómi	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti	
Ár	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
1999	1	0	1	0	1	0	0	0	0
2000	6	0	6	0	6	4	0	4	0
2001	10	0	10	0	10	3	0	3	0
2002	4	0	4	0	4	1	0	1	0
2003	5	0	5	0	4	2	0	1	1
Alls	26	0	26	0	25	10	0	9	1

Fimm mál sem vörðudu stórfelld fikniefnalagabrot bárust embættinu árið 2003. Ódæmt er í einu máli.

**Kynferðisbrot (194.-198. gr. hgl.)**

Ár	Alls		Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
1999	26	19	7	3	4	2	0	2	0	2	0	2	0	0	0	0	0
2000	39	27	12	4	8	3	0	3	0	3	0	3	0	0	0	0	0
2001	29	18	11	5	6	4	0	2	0	2	0	2	0	2	0	2	0
2002	58	37	19	5	14	9	2	7	2	7	0	7	0	0	0	0	0
2003	65	49	16	11	5	4	1	3	1	3	0	3	0	0	0	0	0
Alls	217	150	67	28	37	22	3	17	3	17	2	17	2	2	2	2	2

Málum sem varða kynferðisbrot, einkum nauðgunarmálum, fylgandi mjög árin 2002 og 2003. Árið 2003 bárust ríkissaksóknara 65 mál í þessum brotaflokk, þar af leiddu 16 til ákæru, eða um þriðjungur. Aðeins var sakfelld í 5 málum af þeim 16 sem ákært var útaf. Hlutfall niðurfelldra mála og sýknudóma er því hátt í þessum brotaflokk.

**Kynferðisbrot (200.-202. gr. hgl.)**

Ár	Alls		Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
1999	30	15	15	1	14	4	0	4	0	4	0	4	0	0	0	0	0
2000	24	12	12	2	10	3	1	2	1	2	0	2	0	2	0	2	0
2001	49	21	28	10	15	12	1	11	1	11	0	11	0	0	0	0	0
2002	34	21	13	3	10	5	0	4	0	4	1	4	1	1	1	1	1
2003	60	33	27	6	17	8	1	3	1	3	4	3	4	4	4	4	4
Alls	197	102	95	22	66	32	3	24	3	24	5	24	5	5	5	5	5

Málum sem varða kynferðisbrot gegn börnum fylgandi mjög milli ára. Alls bárust ríkissaksóknara 60 mál í þessum brotaflokk á árinu. Tæpur helmingur, eða 27 mál, leiddu til ákæru. Þar af var sakfelld í 17 málum, en enn er ódæmt í fjórum.

Málum vegna kynferðisbrota hefur fylgjað umtalsvert á því fimm ára tímabili sem tölurnar taka til. Árið 1999 bárust ríkissaksóknara 56 mál vegna brota gegn 194.-202. gr. hgl. Árið 2003 voru þessi mál 125 talsins

**Kynferðisbrot (210. gr. hgl.)**

Ár	Alls		Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
1999	7	3	4	0	4	1	0	1	0	1	0	1	0	0	0	0	0
2000	7	1	6	0	6	1	0	1	0	1	0	1	0	0	0	0	0
2001	6	1	5	0	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2002	9	2	6	0	6	1	0	1	0	1	0	1	0	1	0	1	0
2003	16	3	13	1	12	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Alls	45	10	34	1	31	4	0	3	0	3	0	3	0	0	0	0	0

Brot gegn 210. gr. hgl. varða dreifingu klámefnis og vörslur barnakláms. Vegna barnakláms var ákært í 2 málum árið 1999, 5 árið 2000, 3 árið 2001, 6 árið 2002 og 13 árið 2003.

### **Fallið frá saksókn**

Árið 2003 féll ríkissaksóknari frá saksókn í sex málum, í öllum tilvikum með vísan til a-liðar 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Tvö mál vörðuðu sama sakborning sem varð uppvís að hótun við opinberan starfsmann og skjalafalsi í tengslum við stofnun einkahlutafélags.

Tvö mál vörðuðu kynferðisbrot. Tveir 15 ára piltar voru kærðir fyrir að hafa snert 13 ára stúlku, sem hafði fækkað fötum að þeirra beiðni. Síðara málið varðaði tvo pilta, 18 og 19 ára, sem höfðu dreift skyggðri nektarmynd af tveimur stúlkum á internetinu, en önnur stúlkanna hafði sent öðrum piltanna myndina.

Loks var fallið frá saksókn vegna meints barnaverndarlagabrots tveggja pilta, 15 og 16 ára, sem sýndu ósæmilega háttsemi við tókur á stuttmynd í viðurvist barna á leikvelli.

### **Sektarboð og sektargerðir**

Útsend sektarboð lögreglustjóra vegna umferðarlagabrota voru í árslok skráð 37.823. Þar af höfðu 30.323 (80,2 %) verið greidd á árinu, 4.861 (12,9 %) voru til dómsmeðferðar. Sektað var fyrir alls 40.617 brot, í flestum tilvikum fyrir of hraðan akstur eða 21.242 brot.

Sektargerðir lögreglustjóra voru í árslok 2.929. Þar af höfðu 1.715 (58,6 %) verið greiddar á árinu, en 117 (4,0 %) gengið til dóms. Langflest málin vörðuðu umferðarlagabrot, eða 2.012, þar af vörðuðu 662 mál ölvunarakstursbrot og í 221 máli hafði ökumaður reynst sviptur ökurétti. Þá hafði 484 minni háttar brotum á lögum um ávana- og fíkniefni verið lokið með lögreglustjórásáttum og 58 þjófnaðarmálum.

Það athugast að hvert sektarboð og hver sektargerð getur varðað fleiri en eitt brot.

### **Tímalengd gæsluvarðhalds**

Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2003 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar.

Fjöldi úrskurða.....	69
Fjöldi einstaklinga .....	64
Dagar úrskurðaðir .....	2514
Dagar í gæslu.....	2140

Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991:

	Dagur	Meðaldagaföldi	Lágm.	Hám.
Án skilyrða skv. 1. mgr. 108. gr. *)	1471	56,54	2	426
b-liður 1. mgr. 108. gr.	23	23,00	23	2
bcd-liðir 1. mgr. 108. gr.	61	5,55	2	41
bcde-liðir 1. mgr. 108. gr. **)	516	10,98	1	39
c-liðar 1. mgr. 108. gr.	6	6,00	6	21
cd-liðar 1. mgr. 108. gr.	64	21,33	8	4
Samtals	2140			

\*) Ekki um einangrun að ræða

\*\*) Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

### *Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra*

Alls sættu 53 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið, að rannsókn aflokinni, að höfða ekki mál með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Árið 2001 bárust 53 slíkar kærur og 50 árið 2001. Engar kærur bárust á árunum 2001-2003 vegna ákvarðana lögreglustjóra um að falla frá saksókn skv. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála. Kæruheimildina er að finna í 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð opinberra mála.

#### **Kærur á grundvelli 1. mgr. 114. gr. oml.**

Kærur	Ákvörðun felld úr gild	Ákvörðun staðfest
53	14	39

Brotflokkur	Fjöldi
Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttind	13
Skjalafals	6
Líkamsrásir	24
Hótanir	6
Húsbrot	1
Sérrefsilagabrot	3
Samtals	53

Ríkissaksóknara bárust 42 kærur vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa kæru frá án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála. Árið 2001 bárust 43 slíkar kærur og 22 árið 2001. Kæruheimildina er að finna í ákvæðinu, þ.e. 1. mgr. 76. gr.

#### **Kærur á grundvelli 1. mgr. 76. gr. oml.**

Kærur	Ákvörðun felld úr gild	Ákvörðun staðfest
42	9	33

Brotflokkur	Fjöldi
Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttind	18
Kynferðisbrot	8
Rangar sakargiftir	6
Húsbrot	1
Sérrefsilagabrot	9
Samtals	42



### *Kætur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga*

Ríkissaksóknara bærust 19 kætur á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa þeirra. Flestar kæturnar, eða 11, tengdust handtökum kær-enda þannig að kærdar voru ólögmetar handtökur og/eða harðræði við handtökur. Í þremur málum voru kærdar líkamsrásir/harðræði lögreglumanna sem ekki tengdust handtökum.

Tveir lögreglumenn voru ákærðir í tveimur framangreindra mála fyrir ólögmetar handtökur, ranga skýrslugerð og ólögmetar notkun úðavopns. Héraðsdómur sakfelldi ákærðu fyrir allar sakargiftir og voru þeir dæmdir í tveggja mánaða og fimm mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár. Hæstiréttur sýknaði annan lögreglumanninn en sakfelldi hinn fyrir eina ólögmetar handtöku, en ákært var fyrir tvær, ranga skýrslugerð og ólögmetar notkun úðavopns og var refsing hans ákveðin tveggja mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár.

Rannsókn 10 mála var hætt samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála og 7 mál voru felld niður að rannsókn lokinni með vísan til 112. gr. sömu laga.

Ár	Kætur alls	Niðurfelling	Rannsókn hætt	Kætu vísað frá	Dómur
2001	18	9	9	0	0
2002	31	10	12	8	1
2003	19	7	10	0	2

### **3. Áfrýjunarmál**

Áfrýjunarmál á árinu 2003 voru alls 64, sem er nokkur fækkun frá síðasta ári en þá voru áfrýjunarmál 73. Af áfrýjuðum málum var 50 málum áfrýjað að frumkvæði dómfelltra í héraði, eða 78 %, en 14 málum að frumkvæði ákærvalds, eða 22 %. Í tíu þeirra mála voru refsingar þyngdar en héraðsdómar óraskaðir í fjórum.

Áfrýjað var 18 kynferðisbrotadómum, 8 þjófnaðar- og auðgunarbrotadómum, 7 líkamsrásardómum, 6 fiskveiðibrotadómum, 3 dómum um ávana- og fikniefni, og 3 virðisaukaskattsdómum. Ein veigamesta breytingin varðandi fjölda dóma á milli ára og þá sérstaklega fjölda dóma, sem áfrýjað var að frumkvæði ákærvalds eru 6 dómur á hendur kínverskum ríkisborgurum fyrir skjalafals, en þeir framvísuðu allir fölsuðum vegabréfum við komu til landsins. Allir dómfelldu hlutu skilorðsbundnar refsingar með dómum héraðsdóms en óskilorðsbundnar refsingar með dómum Hæstarétta. Af öðrum áfrýjunarmálum má nefna; sýknudóm fyrir dreifingu á tilhæfulausri viðvörun um sprengjutilræði, mál á hendur tveimur lögregluþjónum fyrir brot í starfi, en annar hinna ákærðu hlaut sýknu í Hæstarétti, tveir dómur fyrir manndráp af gáleysi í umferð, dómur fyrir brot á fuglafriðunarlögum, og loks fjórir dómur fyrir ölvun við akstur en einum þeirra var áfrýjað af hálfu ákærvalds til hagsbóta fyrir dómfellda. Eitt mál sem áfrýjað var á árinu er enn ódæmt í Hæstarétti en það er mál á hendur tveimur mönnum sem ákærðir voru fyrir fiskveiðibrot en jafnframt brot á skattalögum og vanskil á virðisaukaskatti.

#### 4. Dómsmeðferð mála

Hér gefur að líta annál mála sem sótt voru af hálfu ríkissaksóknara fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti árið 2003.

##### *Manndráp og líkamsmeiðingar*

Dómur féll í einu manndrápsmáli á árinu með sakfellingu í héraði. Hins vegar var sýknað af refsikröfu vegna sakhæfisskorts, en ákærða gert að sæta með heimild í 62. gr. alm.hgl. öruggri gæslu á viðeigandi stofnun

*M. 003-2003-2.* S 37 ára var ákærður fyrir manndráp með því að hafa veist að B 65 ára og stungið hann með hnífi í brjóst, kvið og tvívegis í hægri framhandlegg, með þeim afleiðingum að B lést skömmu síðar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 23. desember 2003 í málinu nr. S-158/2003 var ákærði fundinn sekur um brot gegn 211. gr. alm. hgl. S var hins vegar sýknaður af refsikröfu þar sem dómari taldi hann ósakhæfan, sbr. 15. gr. laganna. Var hann dæmdur til að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti héraðsdóminn með dómi uppkveðnum 13. maí 2004 í málinu nr. 41/2004.

Í tveimur málum voru menn sakfelldir fyrir tilraun til manndráps.

*M. 003-2002-206.* Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 12. júní 2003 í málinu nr. 98/2003 var K sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. og 211. gr., sbr. 20. gr. alm. hgl. með því að hafa ráðist á fyrrverandi sambúðarkonu sína og slegið hana margsinnis í andlit, höfuð og líkama, slegið höfði hennar utan í vegg og misþyrmt henni með öðrum hætti. Þá var hann ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa síðar ráðist á sömu konu, veist að henni með ofbeldi, brotið hægri upphandlegg hennar ofan við olnboga, skorið hana með hnífi á vinstri augabrún og vinstra megin á hálsi með þeim afleiðingum að hún hlaut þar djúpt sár og slagæð og bláæð skárust sundur. Var refsing hans ákveðin fangelsi í fimm ár og sex mánuði.

*M. 003-2003-190.* J 22 ára var ákærður fyrir tvær tilraunir til manndráps með því að hafa annars vegar stungið Þ í kviðinn með hnífi og hins vegar skorið H á háls. Að auki var hann ákærður fyrir 4 sérstaklega hættulegar líkamsárásir, ólögmæta nauðung og brot gegn valdsstjórninni. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 9. desember 2003 í málinu nr. S-2214/2003 var ákærði fundinn sekur um brot gegn 211. gr. sbr. 20. gr., 217., 2. mgr. 218. gr., 255. gr., sbr. 20. gr. og 106. gr. alm.hgl. og dæmdur til að sæta 7 ára fangelsi.

Í einu máli til viðbótar var ákært fyrir tilraun til manndráps en héraðsdómur sakfelldi ákærða fyrir stórfellda líkamsárás.

*M. 003-2003-160.* J bandarískur ríkisborgari, hermaður í varnarliðinu á Keflavíkurlflugvelli var ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa, einn eða í félagi við aðra, veist að E og stungið hann fimm sinnum með hnífi eða hnífum. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 26. september 2003 í málinu nr. S-2073/2003 var ákærði sakfelldur fyrir að hafa stungið E einu sinni en sýknaður af hinum stungunum. Brot hans var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Refsing var ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti héraðsdóminn með dómi uppkveðnum 4. mars 2004 í málinu nr. 423/2003.

Í einu máli var ákært og sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. alm. hgl.

*M. 003-20021-162.* Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 3. apríl 2003 í málinu nr. 168/2002 var S dæmdur til að sæta fangelsi í 18 mánuði en hann var sakfelldur fyrir brot gegn 215. gr. alm. hgl. með því að hafa hrist drenginn X svo harkalega eða með öðrum hætti orðið valdur að því að það blæddi undir heilahimnur hans, skemmdir urðu á taugafrumum í heilastofni og hálshluta mænu, bjúgur myndaðist í heila, sjónhimnublæðingar urðu í báðum augum og mar hlaust vinstra megin á hnakka með þeim afleiðingum að drengurinn lést tveimur dögum síðar.

Auk þess var ákært fyrir stórfelldar líkamsmeiðingar, sbr. 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. í 34 málum á árinu. Í flestum tilfellum var um að ræða mál þar sem eggvopnum eða glösum og glerflöskum var beitt. Þrjátíu málum var lokið með héraðsdómum og voru ákærðu sakfelldir í 25 skipti en sýknaðir í 5. Í 4 málanna liggur endanlega niðurstaða ekki fyrir.

Tvö mál voru til meðferðar í Hæstarétti þar sem ákært var fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl.

*M. 003-2002-173.* Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 2. október í málinu nr. 235/2003 voru tveir menn um títugt, B og G, sakfelldir fyrir að hafa ráðist á M 22 ára, þar sem ákærði B hefði slegið hann mörg hnefahögg í höfuðið, veitt honum högg með höfðinu og sparkað í höfuð hans með hné og, eftir að M féll í götuna, margsinnis sparkað af afli í höfuð hans með hné og fæti, ákærði G hefði sparkað í efri hluta líkama M þegar hann reis upp eftir atögu meðákærða B, svo að hann féll í götuna á ný og ákærði B hefði síðan slegið hann liggjandi í andlitið, allt með þeim afleiðingum að M hlaut höfuðkúpubrot og blæðingu inn á heila og lést af völdum heilablæðingar og heilabjúgs. Þá var B sakfelldur fyrir tvær aðrar líkamsárásir. Taldi Hæstiréttur með hliðsjón af alvarleika brota ákærðu ekki annað fært en að þyngja refsingu sem ákveðin hafði verið í héraði þannig að B hlýti 6 ára en G 3 ára fangelsi.

*M. 003-2000-88.* Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 9. október í málinu nr. 104/2003 B var sakfelldur fyrir að hafa veist að S með vasahníf að vopni og skorið hann í andlit. B átti að baki afar langan sakaferil. Refsing hans, að teknu tilliti til ákvæðis 218. gr. a. alm. hgl., svo og 77. gr. laganna, var ákveðin fangelsi í 6 mánuði með vísan til 1. mgr. 159. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Þá voru flutt nokkur mál fyrir Hæstarétti vegna brota gegn 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 218. gr. alm. hgl. í málum sem lögreglustjórar höfðu ákært í og flutt í héraði.

### *Ávana- og fíkniefnabrot*

Fjórir dómur gengu í Hæstarétti á árinu vegna stórfelldra brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni samkvæmt 173. gr. a. alm. hgl.

*Mál nr. 003-2001-56.* Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 13. febrúar 2003 í málinu nr. 423/2003 var E sakfelldur fyrir að hafa reynt að flytja til Íslands um 30 kg af hassi sem ætlað var til sölu hérlendis í ágóðaskyni, en spænsk lögregluþyriföld lögðu hald á fíkniefnin, sem voru falin í hurð og átti að senda ásamt öðrum hurðum sjóleiðis til Íslands. Var E dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár. Við ákvörðun refsingar E var höfð hliðsjón af því að um var að ræða tilraun til brots og að meðferð málsins tók alllangan tíma. Á hinn bóginn taldi Hæstiréttur ekki koma til álita að skilorðsbinda refsinguna í ljósi einarðs ásetnings E og þess magns fíkniefna sem um var að ræða og ætlað var til sölundreifingar.

M. 003-2002-118. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 8. maí 2003 í málinu nr. 48/2003 var S sakfelldur fyrir að hafa ásamt þremur öðrum mönnum flutt inn um 30 kg af kannabis. Niðurstaða héraðsdóms um 3 ára fangelsisrefsingu var staðfest.

M. 003-2003-85. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 23. október 2003 í málinu nr. 289/2003 var R sakfelldur fyrir að hafa veitt móttöku 890,73 g af amfetamíni og 979,56 g af hassi. Dómur héraðsdóms um 5 ára fangelsisrefsingu R, sem rauf reynslulaus, staðfestur. Í héraði var C í sama máli sakfelldur fyrir að flytja inn fíkniefnin og dæmdur til tveggja og hálfis árs fangelsisvistar, en hann undi dómi.

M. 003-2002-132. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 20. nóvember 2003 í málinu nr. 333/2003 var S sakfelldur fyrir að hafa í hagnaðarskyni staðið fyrir stórfelldum innflutningi fíkniefna, annars vegar á árinu 1998 og hins vegar á árinu 2001. Einnig fyrir að hafa á árinu 1998 haft í vörslum sínum umtalsvert magn fíkniefna sem hann hafi ætlað til sölu hér á landi. H var sakfelldur fyrir að hafa tvívegis á árinu 2001 tekið við umtalsverðu magni fíkniefna frá S og að hafa selt þau eða ætlað að selja þau hér á landi. A var sakfelldur fyrir hlutdeild í broti S þar sem hún hafi annast milligöngu í fíkniefnaviðskiptum S og H. Einnig þótti A hafa gerst sek um peningaþvætti með því að hafa tekið við peningum fyrir S, sem hún hafi vitað að voru ávinningur af fíkniefnasölu. Þegar litið var til þess að S hafði með innflutningi á miklu magni fíkniefna gerst sekur um stórfellda skipulega brotastarfsemi í auðgunarskyni þótti refsing hans hæfilega ákveðin 8 ára fangelsi. H var dæmdur í tveggja ára fangelsi. A var dæmd í 2 ára skil-orðsbundið fangelsi. Í málinu voru 7 ákærðir og sakfelldir í héraði en einungis S, H og A áfrýjuðu til Hæstaréttar.

Árið 2003 sættu 16 ákæru í 5 málum sem vörðuðu stórfelld brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni samkvæmt 173. gr. a. alm.hgl. Flest vörðuðu málin innflutning á kannabis og amfetamíni. Í einu máli hugðust Á 22 ára, D 23 ára og J og Æ 32 ára flytja inn amfetamín en efnið sem þeir fluttu inn reyndist vera koffein. Voru þeir því ákærðir fyrir tilraun til að flytja inn 1 kg af amfetamíni. Í sama málinu vou D, J og Æ ákærðir fyrir innflutning og/ eða vörslur á 1 kg af kannabis. Þá voru J og Æ ennfremur ákærðir fyrir innflutning á 1 kg af amfetamíni. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 13. febrúar 2004 í málinu nr. S-3592/2003 voru ákærðu sakfelldir samkvæmt ákæru.

### ***Peningaþvætti***

Einn dómur féll á árinu 2003 varðandi peningaþvætti samkvæmt 264. gr. alm.hgl. en með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 20. nóvember 2003 í málinu nr. 333/2003 var A sakfelldur fyrir að hafa tekið við peningum fyrir S, sem hún vissi að voru ávinningur af fíkniefnasölu.

### ***Kynferðisbrot***

Flutt voru 18 mál í Hæstarétti er vörðuðu ætluð brot á ákvæðum XXII. kafla alm.hgl. Átta málanna vörðuðu brot gegn börnum. Dómar héraðsdóms um sakfellingu voru staðfestir í sjö tilvikum en í einu var sýknudómur héraðsdóms ómerktur og málinu vísað heim í hérað. Tíu málanna vörðuðu brot gegn fullorðnum. Dómar héraðsdóms um sakfellingu voru staðfestir í átta tilvikum en í tveimur voru ákærðu sýknaðir.

Þyngsta refsingin í kynferðisbrotamáli var fangelsi í þrjú og hálf ári en með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 30. janúar 2003 í málinu nr. 359/2002 var X sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn mágkonu sinni og dóttur um árabíl þegar þær voru á aldrinum níu til tólf ára. Í þeim þremur málum er vörðuðu brot á 194. gr. alm. hgl. var refsing í öllum tilvikum ákveðin tveggja ára fangelsi. Þá var maður með dómi Hæstaréttar uppkveðnum

28. maí 2003 í málinu nr. 47/2003 dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 196. gr. alm.hgl. með því að hafa notfært sér þroskahömlun X til að hafa við hana samræði sem hún gat ekki spornað við sökum andlegs vanþroska.

Á árinu voru gefnar út 27 ákæru sem vörðuðu kynferðisbrot gegn börnum samkvæmt 200.-202. gr. alm.hgl. Oft var ákært í sama málinu út af fleiri en einu broti eða fleiri en einum brotaþola. Dæmt var í þremur málum sem vörðuðu brot gegn niðja samkvæmt 1. og 2. mgr. 202. gr. Sýknað var í einu málanna en sakfelldur í tveimur og hefur öðrum þeirra verið áfrýjað til Hæstaréttar. Ennfremur féllu þrjár dómur er vörðuðu brot gegn fóstur- eða stjúp börnum samkvæmt 1. og 2. mgr. 201. gr. Sýknað var í einu málanna en sakfelldur í tveimur og var öðrum áfrýjað til Hæstaréttar. Þá féllu 23 dómur er vörðuðu brot gegn 1. og 2. mgr. 202. gr. Í fjórum málanna var ákærði sýknaður af ákæru en í 19 voru ákærðu sakfelldir. Fimm sakfellingardómanna var áfrýjað til Hæstaréttar.

Börn komu einnig við sögu í nokkrum málum sem flutt voru vegna brota gegn blygðunarsemi samkvæmt 209. gr. hgl. en gefnar voru út 10 ákæru fyrir brot á þeirri lagagrein. Sakfelldur var í 6 tilvikum en sýknað í 4. Þá var ákært í 11 málum sem vörðuðu vörslur á barnaklámi samkvæmt 4. mgr. 210. gr. hgl. og var sakfelldur í öllum málunum nema einu.

Á árinu voru gefnar út 16 ákæru fyrir kynferðisbrot gagnvart fullorðnum samkvæmt 194. til 196. gr. alm. hgl. Í 11 málum voru ákærðu sýknaðir en sakfelldir í 5. Þrjú mál voru höfðuð vegna dreifingar á klámi og var sakfelldur í þeim öllum. Þá var gefin út ákæra á hendur pari fyrir vandi og fénytingu þess samkvæmt 1. og 2. mgr. 206. gr. alm. hgl. Voru ákærðu sakfelldur og dæmdur í skilorðsbundið fangelsi.

### ***Sifskaparbrot***

Það reynir ekki oft á XXI. kafla alm.hgl. í framkvæmd en einn dómur þar sem ákært var fyrir brot gegn 193. gr. alm. hgl. féll á árinu:

*003-2002-122*, A 53 ára ákærður fyrir fyrir sifskaparbrot með því að hafa frá 3. ágúst til 20. september 2001 svipt G, umsjá yfir dóttur þeirra, H fæddri 1984, er hann meinaði stúlkunni för frá Egyptalandi til Íslands með því meðal annars að taka af henni vegabréf og farseðla. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. september 2003 í málinu nr. S-400/2003 var A sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til að sæta 4 mánaða skilorðsbundu fangelsi.

### ***Rán og önnur auðgunarbrot***

Á árinu voru sjö ákærðir fyrir rán samkvæmt 252. gr. alm. hgl. Hafa fallið sakfellingardómur í héraði í öllum nema einu málanna sem enn er ódæmt. Í einum sakfellingardómanna taldi héraðsdómur rétt að heimfæra brot ákærða undir 245. gr. alm.hgl. Refsing oftast ákveðin óskilorðsbundið fangelsi.

*M. 003-2003-116+148*, H 19 ára var ákærður fyrir að hafa tvívegs rænt banka með því að stökkva upp á afgreiðsluborð og ógna starfsfólki með hnífi. Tókst honum að hafa á brott með sér samtals um kr. 1,6 milljónir króna. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 9. október 2003 í málinu nr. S-928/2003 var H sakfelldur fyrir ránin og dæmdur til að sæta 12 mánaða fangelsi.

### ***Ólöglegar handtökur***

Tveir lögreglumenn Þ og X voru í einu máli ákærðir fyrir ólöglegar handtökur, ranga skýrslugerð og brot í opinberu starfi. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 2. desember 2003 í málinu nr. S-1757/2003 voru ákærðu sakfelldir fyrir brot gegn 131., 132. og 138. og 146. gr. alm.hgl. og dæmdir til að sæta annars vegar 5 en hins vegar 8 mánaða skilorðsbundnu fangelsi. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum 4. mars 2004 í málinu nr. 423/2003 sýknaði X en staðfesti niðurstöðu héraðsdóms að hluta til varðandi Þ. Var hann dæmdur til að sæta tveggja mánaða skilorðsbundnu fangelsi.

### ***Rangar sakargiftir og rangur uppljóstur***

Sjö voru sakfelldir fyrir rangar sakargiftir samkvæmt 148. gr. alm. hgl. Í flestum tilvikum var um það að ræða að ákærðu sem voru staðnir að broti, oftast á umferðarlögum, gáfu lögreglu upp nafn annarra manna og komu því þannig til leiðar að þeir yrðu sakaðir um brotið.

Þá var kona sakfelld fyrir ranga uppljóstrun til yfirvalda samkvæmt 149. gr. alm.hgl. með því hafa vísitandi gefið ranga skýrslu hjá lögreglu þess efnis að fjórir óþekktir menn hefðu nauðgað henni sem leiddi til þess að lögreglurannsókn hófst og einn maður var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald í þágu rannsóknarinnar. Var ákvörðunar refsingar hennar frestað skilorðsbundið.

### ***Brot gegn valdstjórninni***

Ákært var í 20 málum fyrir brot gegn valdstjórninni samkvæmt 106. gr. alm. hgl., en ein af ákærunum var afturkölluð sökum andláts ákærða. Oftast var um að ræða brot gegn lögreglumönnum, en ennfremur komu fulltrúi sýslumanns, fangavörður og gæslumaður á réttargeðdeild við sögu. Öllum málunum hefur verið lokið með sakfellingardómum eða viðurlagaákvörðun. Í einu máli var ein af þremur ákærðu sýknuð. Refsingar voru í flestum tilvikum ákveðnar sektir eða skilorðsbundið fangelsi.

### ***Umferðarlagabrot. Umferðarslys***

Fjórir dómur féllu í Hæstarétti á árinu í málum vegna umferðarlagabrota. Einn dómur féll vegna ölvunaraksturs og þrír þar sem ákært var fyrir líkamsmeiðingar og/eða manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. og 219. gr. alm. hgl. auk brota á umferðarlögum.

*M. 010-2002-1569.* Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 8. mars 2003 í málinu nr. 10/2003 var bifreiðarstjórinn V sakfelldur fyrir hegningar- og umferðarlagabrot með því að hafa ekið strætisvagni gegn rauðu ljósi með þeim afleiðingum að harður árekstur varð við fólksbifreið svo að farþegi í þeirri bifreið hlaut alvarleg líkamsmeiðsl og ökumaður hennar nokkra áverka. Var V gert að greiða 80.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæta ella fangelsi í 26 daga.

*M. 033-2002-166.* Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 19. júní 2003 í málinu nr. 108/2003 var G sakfelldur fyrir manndráp og líkamstjón af gáleysi og umferðarlagabrot með því að hafa ekið fólksbifreið austur Suðurlandsveg á röngum vegarhelmingi, á þeim vegarkafli þar sem vegurinn liggur í all krappri beygju ofarlega í Kömbum, án nægilegrar aðgæslu miðað við akstursskilyrði með þeim afleiðingum að bifreiðin skall framan á jeppabifreið sem ekið var í vestur. Við árekstur bifreiðanna hlaut farþegi í framsæti bifreiðar G svo mikla áverka að hann lést nær samstundis auk þess sem farþegar í báðum

bifreiðunum urður fyrir líkamstjóni. Talið var sannað með framburði vitna að G hefði ekið bifreiðinni án nægilegrar aðgæslu við slæm akstursskilyrði í krappri beygju og á röngum vegarhelmingi þegar áreksturinn varð. Var honum gert að sæta fangelsi í einn mánuð skilorðsbundið og sviptur ökurétti í eitt ár.

*M.028-2002-38.* Með dómi Hæstaréttar uppkveðinum 30. október 2003 í málinu nr. 274/2003 var bifreiðarstjórinn O sakfelldur fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi og umferðarlagabrot með því að hafa ekið of hratt miðað við aðstæður og án nægilegrar aðgæslu á miðju vegar yfir blindhæð, með þeim afleiðingum að bifreið hans og bifreið G skullu saman og hlaust af beinbrot eins farþega. Var hann dæmdur í mánaðarlangt fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, auk sektargreiðslu. G hafði ennfremur verið sakfelldur vegna sömu ákæru í héraðsdómi en O stóð einn að áfrýjun til Hæstaréttar.

### **Skatta- og efnahagsbrot.**

Þrjú mál er vörðuðu vanskil á virðisaukaskatti sættu áfrýjun á árinu og staðfesti Hæstiréttur í öllum tilvikum sakfellingu héraðsdóms.

*M. 006-2002-9.* Með dómi Hæstréttar uppkveðinum 16. janúar 2003 í málinu nr. 415/2002 var B sakfelldur fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt, lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um tekjustofna sveitarfélaga, lögum um bókhald og almennum hegningarlögum. B gekkst við brotunum. Var hann dæmdur til að sæta fangelsi í sex mánuði, sem var skilorðsbundið í tvö ár, og til að greiða 16.900.000 krónur í sekt til ríkissjóðs.

*M.006-2002-17.* Með dómi Hæstréttar uppkveðnum 9. október 2003 í málinu nr. 112/2003 var P sem stjórnarmaður og daglegur stjórnandi U ehf., sakfelldur fyrir brot á 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Þá var hann einnig sakfelldur fyrir brot á 1. tölulið 1. mgr. 37. gr., sbr 36. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald. Brot P voru ekki talin meiri háttar og honum því ekki gert að sæta fangelsisrefsingu, en dæmdur til greiðslu sektar. Hæstiréttur taldi rannsókn málsins hafa tekið of langan tíma og af þeim sökum yrði ekki hjá því komist að fresta greiðslu helmings sektarinnar skilorðsbundið í þrjú ár.

*M.006-2002-32.* Með dómi Hæstréttar uppkveðinum 11. desember 2003 í málinu nr. 111/2003 var H sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Með játningu H var jafnframt sannað að hann hefði gerst sekur um að hafa látið undir höfuð leggjast að halda tilskilið bókhald vegna tilgreindrar starfsemi í samræmi við það sem lög áskilja og gera ársreikninga vegna hennar. Brotastarfsemin var talin samfelld og brotin því ófyrnd. Brot H voru stórfelld og vörðuðu verulegar fjárhæðir. Hins vegar taldi Hæstiréttur að nokkur dráttur hefði orðið á rannsókn málsins. Var refsing H ákveðin fangelsi í sex mánuði, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið. Jafnframt var H dæmdur til að greiða sekt í ríkissjóð, 9.000.000 krónur.

Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 6. febrúar 2003 í málinu nr. 393/2003 var Á, fyrrverandi alþingsmaður, dæmdur til 2 ára fangelsisvistar fyrir fjárdrátt, rangar skýrslur til yfirvalda, mútubægni og umboðssvik í opinberu starfi.

Af fleiri málum má nefna dóm Hæstréttar uppkveðinn 7. febrúar 2003 í málinu nr. 408/2002, þar sem H, framkvæmdastjóri A ehf., og A ehf., voru dæmd til greiðslu sektar fyrir brot á samkeppnislögum og lögum um vörumerki með því að hafa boðið til sölu og selt íslenskum aðila stuttermaboli, sem voru eftirlíkingar af framleiðsluvörum erlends fyrirtækis og höfðu verið framleiddir ólöglega með eftirlíkingum af vörumerkjum þess fyrirtækis og merkingum sem vísuðu til þeirra þannig að á varð villst. Ennfremur voru með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 18. desember 2003 í málinu nr. 291/2003 J og Á sak-

felldir fyrir brot gegn 9., sbr. 23. gr., laga nr. 57, 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, en brot þeirra leiddu til þess að 2.180 kíló af þorski voru við löndun vigtuð sem hlýri. Voru J og Á hvor um sig dæmdir til að greiða til ríkissjóðs 800.000 krónur í sekt.

### **Annað**

Af öðrum málum sem til meðferðar voru fyrir Hæstarétti á árinu má nefna:

*M. 016-2001-35.* Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 3. apríl 2003 í málinu nr. 449/2003 var X sýknaður af ákæru fyrir brot gegn lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, sbr. auglýsingu nr. 425/1977. X var ákærður fyrir að hafa á árunum 2000 og 2001 raskað hreiðurstað arna og spillt friðlýstum náttúruminum í þeim tilgangi að hindra arnarvarp í Miðhúsaeyjum. Var X ákærður. Ekki var talið ljóst hvort sá staður sem örn kynni að verpa á gæti fallið undir „lífsvæði dýra“ í ákvæðinu sem X sætti ákæru fyrir og kvað á um að ávallt skyldi „gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun“. Var umrætt orðalag talið of almennt og því ekki nægilega ótvírætt og glögg. Uppfyllti það ekki þær kröfur sem gera verður til skýrleika refsheimilda. Þá varð ekki séð að friðlýsing eyjunnar H tæki til friðunar fugla og sérstaks lífríkis þeirra eða búsvæða

*M. 035-2003-3 o.fl.* Með sex dómum Hæstaréttar sem uppkveðnum 11. desember 2003 voru jafnmargir kínverskir ríkisborgarar sakfelldir fyrir fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. alm.hgl. með því að hafa við vegabréfaskoðun framvísað fölsuðu vegabréfi og þannig komið til landsins án gildra ferðaskilríkja og án vegabréfsáritunar. Við úrlausn málsins var litið til þess að vegabréf eru opinber skilríki, sem miklu skiptir að treysta megi í samskiptum manna og þjóða. Þegar eðli brotsins var virt, hversu alvarlegt það var og litið til almennra varnaðaráhrifa refsinga voru ekki efni til að skilorðsbinda refsingu þeirra, sem þótti hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.



## 5. Erlent samstarf

### *Samstarf ríkissaksóknara Norðurlanda*

Ríkissaksóknari Svíþjóðar bauð ákærendum frá Norðurlöndum til fundar um gæði saksóknar í Saltsjöbaden í mars. Fjallað var um skilgreiningar og markmiðssetningar varðandi hvað skuli teljast góð saksókn. Einnig um aðferðir til að meta eða mæla saksóknargæði. Dæmi um slíkar aðferðir voru kynntar á fundinum, s.s. ýmsar leiðbeiningar ríkissaksóknaranna til ákæranda og úttektir á einstökum brotaflokkum þar sem farið var yfir lögreglurannsókn mála og ákvarðanir ákæranda. Ákveðið var að framhald yrði á samráðsfundum um gæði saksóknar.

Árlegur fundur ríkissaksóknara Norðurlanda var haldinn í Visby í júní. Fjallað var um refsiframkvæmd og nýmæli í refsiréttar- og réttarfarslöggiöf, auk þess sem farið var yfir mál sem varða framkvæmd ákærvalds á Norðurlöndum. Rætt var um mörk refsingar og stjórnsluviðurlaga, DNA-skrár, gæði saksóknar, norrænt samstarf á vettvangi Evrópusamstarfs og evrópska handtökuskipun.

### *Samstarf ríkissaksóknara Eystrasaltslandanna*

Ríkissaksóknarar Norðurlanda taka þátt í samstarfi ríkissaksóknara Eystrasaltslandanna, sem ætlað er að styrkja réttarsamstarf á landsvæðinu. Ríkissaksóknararnir funda árlega og var fundurinn árið 2003 haldinn í Osló í september. Rætt var hvernig samstarfi ríkissaksóknara á þessu svæði myndi best háttað, m.a. með hliðsjón af lögreglusamstarfi.

Ríkissaksóknararnir hafa skipað starfshópa um ýmis málefni. Ríkissaksóknari Íslands á fulltrúa í starfshópum um framsal og réttaraðstoð, um umhverfisbrot og um mansal. Skýrslur þessara hópa voru kynntar á fundinum.

### *Evrópuráðið*

Ríkissaksóknarar ríkja sem eiga aðild að Evrópuráðinu funduðu í Slóvakíu í apríl. Á fundinum var rætt um sjálfstæði ákærvaldsins og stöðu gagnvart stjórnarhöfum. Einnig var fjallað um samstarf ákæranda á vettvangi Evrópusambandsins.

Ríkissaksóknari á fulltrúa í sérfræðingahópi Evrópuráðsins um varnir gegn spillingu, Group of States against Corruption (GRECO). Eftirlitsnefnd á vegum GRECO átti fund með íslenskum stjórnvöldum, samtökum atvinnulífs, launþega og óháðra félagasamtaka í desember. Skýrsla nefndarinnar verður kynnt á fundi GRECO.

### *Evrópusambandið*

European Judicial Network (EJN) er heiti samstarfs dómsmálayfirvalda Evrópusambandsríkja, sem felur í sér að tilnefndir eru tengiliðir, ákærendur í aðildarríkjunum, til að auðvelda samskipti við meðferð sakamála sem teygja sig til fleiri landa. Tengiliðir EJN funda reglulega og var Rómarfundur í desember sóttur af Íslands hálfu. Í kjölfarið tilnefndi ríkissaksóknari tengiliði hér á landi við EJN.

### *Alþjóðasamtök saksóknara*

Ríkissaksóknari er í Alþjóðasamtökum saksóknara, International Association of Prosecutors (IAP). Samtökin voru stofnuð í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í

Vín árið 1995 og er skrifstofa þeirra í Haag. Samtökin eiga áheyrnarfulltrúa á fundum Evrópuráðsins sem varða málefni ákærvaldsins og á fundum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Þau standa árlega fyrir ráðstefnum, fundum og námskeiðum um refsiréttar- og réttarfarsmálefni. Þá gefa samtökin út ritröð, verklagsreglur um rannsókn og saksókn í tilteknum brotaflokkum. Á árinu kom einnig út á vegum samtakanna handbók um mannréttindi fyrir saksóknara.

Árleg ráðstefna IAP var í Washington í ágúst. Fundarefni var „The Fight against Terrorism: A Global Effort“.

#### ***Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um yfirtöku saksóknar***

Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um saksókn í öðru ríki Norðurlanda en því, sem brot hefur verið framið í hefur gilt frá árinu 1972. Í samningnum felst að saksókn vegna brots sem framið hefur verið í einu ríki Norðurlanda getur farið fram í öðru ríki Norðurlanda, ef hinn grunaði er búsettur eða dvelst í því ríki.

Ríkissaksóknari yfirtók saksókn í ellefu málum á árinu, níu frá Danmörku, einu frá Noregi og einu frá Færeyjum. Tvö mál voru send til Norðurlanda með beiðni um yfirtöku saksóknar, til Færeyja og Danmerkur. Um var að ræða minniháttar mál, sem flest vörðuðu umferðarlagabrot, en einnig fíkniefnabrot og auðgunarbrot.

#### ***Beiðnir um framsal og réttaraðstoð***

Í janúar var íslenskur karlmaður framseldur frá Hollandi að gengnum dómi Hæstaréttar þar í landi um að skilyrðum framsals væri fullnægt. Framsals var krafist vegna þriggja ákæra sem gefnar höfðu verið út á hendur manningnum fyrir stórfelld ávana- og fíkniefnalagabrot og vegna gruns um aðild að fíkniefnalagabroti sem lögregla rannsakaði. Beiðnin var borin fram á grundvelli Evrópusamnings um framsal. Ákærði bar þýskt ríkisfang jafnframt hinu íslenska og hafði dvalist í Þýskalandi. Þýsk dómsmálayfirvöld höfðu synjað um framsal ákærða þar sem hann væri þýskur ríkisborgari. Jafnframt buðust þau til að yfirtaka saksókn í málinu. Áður en til þess kom fór ákærði úr landi og var handtekinn við komu til Hollands. Hér á landi lauk dómsmeðferð í máli ákærða með dómi Hæstaréttar í nóvember og var ákærði dæmdur til átta ára fangelsisvistar.

Prettán erlendar réttarbeiðnir bárust ríkissaksóknara á árinu. Oftast var um að ræða beiðni um gagnaöflun eða skýrslutökur af vitnum eða grunuðum búsettum hér á landi. Einnig var óskað upplýsinga úr sakaskrá og atbeina við birtingu fyrirkalla eða annarra dómskjala.

Lettneskur ríkisborgari var framseldur til heimalands síns að beiðni þarlendra dómsmálayfirvalda í febrúar. Kærði var grunaður um að vera valdur að dauða þriggja manna í Lettlandi, auk manndrápstílaunar og þriggja ránsbrota. Í júní leituðu lettnesk dómsmálayfirvöld heimildar til að höfða mál gegn hinum framselda vegna annarra brota, sem hann hefði viðurkennt að hafa framið. Um var að ræða manndrápsmál, auk nokkurra líkamsmeiðingarmála og ránsbrota til viðbótar. Íslensk stjórnvöld lýstu því að ekki yrðu gerðar athugasemdir við að kærði yrði í heimalandi sínu sóttur til saka vegna fleiri brota en framsalsbeiðni laut að.

## 6. Löggjafarmálefni

### *Almenn hegningarlög*

Með lögum nr. 40/2003, sem tóku gildi 3. apríl, voru gerðar nokkrar breytingar á XXII. kafla laganna. Hækkuð voru refsímörk vegna kynferðisbrota sem beinast að börnum. Þá var lögfest nýtt ákvæði, 227. gr. a., en samkvæmt því er mansal, eða verslun með fólk, sérstakt brot í hegningarlögum. Refsing fyrir mansal er allt að 8 ára fangelsi.

Með lögum nr. 54/2003, sem tóku gildi 7. apríl, voru gerðar nokkrar breytingar á refsíákvæðum XIV. kafla laganna, sem fjallar um brot í opinberu starfi. Breytingar eru gerðar á orðalagi 131. og 132. gr. laganna, það gert skýrara og fært til nútímalegra horfs. Jafnframt bætist við löginn ný grein, 141. gr. a., svohljóðandi: „Opinber starfsmaður skv. 128., 129., 134. og 135., og 138.-141. gr. telst sá sem vegna stöðu sinnar eða heimildar í lögum getur tekið eða haft áhrif á ákvarðanir um réttindi og skyldu einstaklinga eða lögaðila eða ráðstafað eða haft áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna.“

Um þetta ákvæði segir í athugasemdum með frumvarpinu að ætlunin sé að þessi skilgreining, sem nánar verði skýrð af dómstólum, verði lögð til grundvallar við beitingu þeirra ákvæða kaflans sem hafa aðeins að geyma almenna afmörkun á hugtakinu opinber starfsmaður.

Með lögum nr. 125/2003, sem tóku gildi 30. desember, er kveðið á um nauðsynlegar breytingar á lögum svo að unnt verði að fullgilda samning á sviði refsiréttar um spillingu, sem saminn var á vettvangi Evrópuráðsins, undirritaður í Strassborg 27. janúar 1999, nefndur spillingarsamningurinn. Á fundi ráðherranefndar Evrópuráðsins í nóvember 1997 var samþykkt ályktun þar sem kveðið er á um 20 meginreglur í baráttunni gegn spillingu. Þá var á árinu 1998 samþykkt ályktun sem veitti heimild til að stofna „ríkjahóp gegn spillingu“ (e.Group of States against Corruption, GRECO) sem ætlað var að efla hæfni samningsríkjanna í baráttu gegn spillingu. Ísland undirritaði samninginn 27. janúar 1999 með almennum fyrirvara um fullgildingu.

Meginmarkmið spillingarsamningsins er að þróa samræmdar efnis- og málsmeðferðarreglur í samningsríkjunum er varða tiltekin spillingarbrot. Samkvæmt því voru með framangreindum lögum gerðar eftirgreindar breytingar á almennum hegningarlögum til samræmis við spillingarsamninginn:

1. Reglur um refsilögsögu voru rýmkaðar. Í nýjum tölulíð sem bætt er við 6. gr. hgl. er kveðið á um að fyrir háttsemi sem greinir í spillingarsamningnum skuli refsað eftir íslenskum lögum, enda þótt brotið sé framið utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að því valdur.
2. Samkvæmt nýrri verknaðarlýsingu 109. gr. er í 1. mgr. kveðið á um að hver sem lofareðabýður opinberum starfsmanni gjöf eða öðrum gjöf eða ávinning, sem hann á ekki tilkall til, í þágu hansenaannarratilaðfahanntilaðgeraeithvaðeðalátæithvaðógertertengtstopinberum skyldum, hans skuli sæta fangelsi allt að 3 árum eða sektum ef málsbætur eru fyrir hendi. Í 2. mgr. 109. gr. er kveðið á um að sömu refsingu skuli sá sæta sem beinir slíku að erlendum opinberum starfsmönnum, skv. túlkun þess hugtaks í athugasemdum frumvarpsins, í því skyni sem í 1. mgr. greinir, og í 3. og 4. mgr. er kveðið á um sömu refsingu og í 1. og 2. mgr. greinir, fyrir aktiv og passiv áhrifakaup.

3. Bætt er nýrri málsgrein við 128. gr. hgl. þess efnis að mútupága varði einnig erlenda opinbera starfsmenn refsingu.
4. Með 4. gr. laganna er lögfest almennt refsíákvæði, 264. gr. a., um mútugreiðslur og mútupágu í tengslum við starfsemi einkaaðila í viðskiptalífi. Með sömu lögum voru gerðar breytingar á lögum nr. 144/1998, sbr. lög nr. 92/2002 um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka. Í 1. grein laganna er nú vísað til 109. gr. og 1. mgr. 264. gr. a. almennra hegningarlaga um mútugreiðslur og áhrifakaup til opinberra starfsmanna og til einkaaðila, sem og til 264. gr. laganna um þvætti þar sem frumbrotið varðar við þessi ákvæði. Þá er við lögin bætt nýrri grein þar sem kveðið er á um að tilhögun refsíabyrgðar skv. lögnum fari eftir II. kafla A. almennra hegningarlaga

#### ***Umferðarlög***

Með lögum nr. 132/2003, sem gildi tóku 1. janúar 2004, var gerð sú breyting á verkaskiptingu ráðuneyta að flutt voru mál er varða umferð og eftirlit með ökutækjum frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins. Í því felst að eftirlit með framkvæmd umferðarlaga og yfirstjórn Umferðarstofu mun framvegis heyra undir samgönguráðuneytið.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið er tekið fram að afskipti lögreglu vegna brota á umferðarlögum og slysa í umferðinni breytist ekki, né heldur rannsókn og saksókn í slíkum málum. Jafnframt er tekið fram að lagt sé til að yfirstjórn umferðarmála verði ekki ákveðin með lögum heldur vísað um það til reglugerðar um Stjórnarráð Íslands um verka-skiptingu í stjórnarráðinu, sem breytingar voru gerðar á í samræmi við lagabreytinguna.

#### ***Lög um aðgerðir gegn peningabætti.***

Með lögum nr. 42/2003 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabætti nr. 80/1993 í þeim tilgangi að gera nauðsynlegar breytingar á lögum til að innleiða ákvæði Evróputilskipunar nr. 2001/97/ESB um varnir gegn peningabætti. Gildissvið laganna hefur verið rýmkað, við g.lið 1. mgr. hefur verið bætt nýjum liðum, nr. 15. - 18. Samkvæmt því gilda lögin nú einnig um fasteignasölu og skipamiðlun, svo og í viðskiptum með eðalmálma, eðalsteina og listaverk, nemi þau viðskipti hærrí fjárhæðum en í 2. mgr. 3. gr. laganna greinir. Við 10. gr. laganna er bætt ákvæðum um að einstaklingum og lögaðilum sem lögin gilda um beri skylda til þess að gera skriflegar skýrslur um allar grunsamlegar og óvenjulegar færslur í viðskiptum í starfsemi þeirra. Samkvæmt 11. gr. er í samræmi við útvíkkun á gildissviði laganna auk Fjármálaeftirlitisins, öðrum stjórnvöldum, fagaðilum og öðrum sem hafa eftirlit með starfsemi sem fellur undir lögin, skylt að tilkynna ríkislögreglustjóra fái þeir vitneskju eða grun um þvætti í starfsemi sinni.

#### ***Lög um rannsókn sjóslysa***

Með lögum nr. 57/2003, sem gengu í gildi 7. apríl 2003, voru gerðar nokkrar breytingar á lögum um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000.

### *Umsagnir um lagafrumvörp*

Árið 2003 gaf ríkissaksóknari umsögn um eftirgreind lagafrumvörp, sem bárust embættinu frá allsherjarnefnd alþingis nema annars sé getið.

- Umsögn frá 25. febrúar 2003 um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, kynferðisbrot gegn börnum og mansal, 567. mál.  
Af hálfu ríkissaksóknara var tekið undir tillögur sem fólust í frumvarpinu.
- Umsögn frá 3. mars 2003 um frumvarp til laga um breyting á á lögum um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000, 552. mál.  
Umsögnin er svohljóðandi:

#### *Almenn atriði.*

„Með lögum um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000 var stefnt að því, samkvæmt greinargerð með frumvarpi að lögnum, að sjóslysarannsóknir „verði algjörlega sjálfstæðar og að því leyti hliðstæðar rannsóknnum flugslysa...“ Er mér ekki kunnugt um að það fyrirkomulag rannsókna á sjóslysum sem löginn kveða á um eigi sér fyrirmynd eða hliðstæðu í löggjöf nágrannalanda a.m.k. ekki annarra Norðurlanda. Hins vegar eru íslenskar reglur um rannsóknir flugslysa hliðstæðar þeim sem gilda t.d. í Noregi og Danmörku. Mikill munur er á eðli og fjölda flugslysa annars vegar og sjóslysa, í merkingu laga um rannsókn sjóslysa, hins vegar og eru tæpast fyrir hendi rök til að skipa rannsóknnum á svo ólíkum slysasviðum með sams konar hætti eins og stefnt er að með lögnum. Ég hef áður bent á að skipa megi rannsóknnum sjóslysa með mun einfaldari hætti heldur en gert hefur verið en mun ekki endurtaka ábendingarnar í þessari umsögn.

Samkvæmt 1. gr. laga um rannsókn sjóslysa virðist ráð fyrir því gert að lögregla rannsaki ekki sjóslys nema því tengist grunsemdir um refsiverða háttsemi. Rannsókn lögreglu grundvallist á 2. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 en ekki á 3. mgr. sömu lagagreinar þar sem kveðið er á um að rannsókn skuli fara fram svo sem tíðkast hefur út af mannlátum, mannhvörfum, eldsvoðum, slysum og öðrum óförum, enda þótt ekki liggi fyrir sérstakur grunur um refsivert atferli.

Hafa verður í huga í þessu sambandi að rannsóknarnefnd sjóslysa er ekki skylt að gera lögreglu viðvart, sbr. t.d. 12. gr. laganna og nú enn frekar 5. gr. frumvarpsins, þótt nefndin verði þess áskynja við rannsókn sína eða fái rökstuddan grun um að framin hafi verið refsiverð háttsemi í tengslum við sjóslys. Þess vegna er það skylda lögreglu og ákærvalds, burtséð frá hlutverki rannsóknarnefndar sjóslysa, að ganga úr skugga um hvort ástæða sé til opinberrar rannsóknar á sjóslysi eða þáttum þess á grundvelli 2. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi í sambandi við slysið. Af því leiðir að í mörgum tilvikum er óhjákvæmilegt að láta lögreglurannsókn fara fram jafnhliða rannsókn rannsóknarnefndar sjóslysa og kann því að verða um tvíverknað að ræða. Jafnframt getur þessi skipan leitt til ágreinings á milli þeirra sem stýra lögreglurannsókn annars vegar og rannsóknarnefndar sjóslysa hins vegar.

Telja má vist að lögregla og ákærvald muni hefjast handa um rannsókn á flestum sjóslysum eða slysum til sjós m.a. með tilliti til þess hvort siglinga- eða öryggisreglur sem lúta að vinnu um borð í skipum hafi verið brotnar. Ef fyrir hendi er rökstuddur

grunur um að refsivert brot hafi verið framið í tengslum við sjóslys tel ég einsýnt að rannsóknarheimildir lögreglu og ákærvalds standi framar rannsóknarheimildum rannsóknarnefndar sjóslysa hvort sem litið er til rannsóknar á vettvangi og tæknilegra rannsókna annars vegar og yfirheyrslna af vitnum eða grunuðum hins vegar.

Þegar málum er háttað eins og hér var lýst tel ég að rannsóknarnefnd sjóslysa sé ekki rétt að yfirheyra vitni eða grunaða á undan lögreglu heldur beri henni að doka við og e.a. nýta upplýsingar sem aflað er með lögreglurannsókninni.

*Ákvæði frumvarpsins.*

Með 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að rannsóknarnefnd sjóslysa hafi rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu, aðra opinbera aðila og annað björgunar- og hjálparlið. „*Er þessum aðilum skylt að veita þessa rannsóknaraðstoð.*“ Ekki kemur fram í athugasemdum hvað í þessu felst heldur sagt að kveðið sé skýrar á um skyldu opinberra aðila.

Þegar haft er í huga að á sama tíma eru sett afdráttarlaus ákvæði um að nefndinni sé óheimilt að veita öðrum, þ.m.t. lögreglu og ákærvaldi, aðgang að rannsóknargögnum hennar, sbr. 12. gr. laga um rannsókn sjóslysa og 5. gr. frumvarpsins, og þannig skorið á samvinnu eða samstarf lögreglu og rannsóknarnefndar sjóslysa í megin atriðum, má vera ljóst að aðstoð lögreglu við rannsóknarnefndina getur tæpast verið fólgin í öðru en að varðveita vettvang eða hluti sem varða sjóslys ef slíku er til að dreifa.“

- Umsögn frá 3. mars 2003 um frumvarp til laga um rannsókn flugslysa, 523. mál, sem barst frá samgöngunefnd.

Umsögnin er svohljóðandi:

*Almenn atriði.*

„Rannsóknarnefnd flugslysa er ekki skylt að gera lögreglu viðvart þótt nefndin verði þess áskynja við rannsókn sína eða fái rökstuddan grun um að framin hafi verið refsiverð háttsemi í tengslum við flugslys. Þess vegna er það skylda lögreglu og ákærvalds að ganga úr skugga um, án ábendinga frá rannsóknarnefndinni, hvort ástæða sé til opinberrar rannsóknar samkvæmt 2. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi í tengslum við flugslys. Af því leiðir að í ýmsum tilvikum er óhjákvæmilegt að láta nokkra lögreglurannsókn fara fram jafnhliða rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa. Kann þessi skipan að leiða til tvíverknaðar og ágreinings á milli þeirra sem stýra lögreglurannsókn annars vegar og rannsóknarnefndar flugslysa hins vegar.

Telja má víst að lögregla og ákærvald hefjist handa um rannsókn þegar atvik flugslyss eru með þeim hætti að þau vekja grunsemdir um að refsiverð háttsemi hafi verið framin. Skýrt dæmi sem vert er að nefna í þessu sambandi er flugslys vegna sprengingar í flugvél sem bendir til skemmdarverks. Tel ég að í slíku tilviki standi rannsóknarheimild lögreglu og ákærvalds framar rannsóknarheimild rannsóknarnefndar flugslysa hvort sem litið er til rannsóknar á vettvangi og tæknilegra rannsókna annars vegar og yfirheyrslna af vitnum eða grunuðum hins vegar.

Með hliðsjón af framangreindu tel ég að rannsóknarnefnd flugslysa sé ekki rétt að yfirheyra vitni eða grunaða á undan lögreglu þegar fyrir hendi er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi í tengslum við flugslys heldur ber nefndinni að doka við og e.a. nýta

upplýsingar sem aflað er með lögreglurannsókninni.

Ég hef talið rétt að vekja athygli á framangreindu því ekki er vikið að þessum álitaeftum í frumvarpinu eða athugasemdum með því.

*Ákvæði frumvarpsins.*

Frumvarpið er í grundvallaratriðum byggt á lögum nr. 59/1996 og þykir einungis ástæða til að víkja að einu ákvæði þess eða 4. mgr. 12. gr. þess þar sem segir: „Rannsóknarstjóri skal hafa sjálfstæðan rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu, svo og annað björgunar- og hjálparlið. Er lögreglu skylt að veita þessa rannsóknaraðstoð.“

Ekki kemur fram í athugasemdum hvað við er átt með orðunum „sjálfstæðan rétt“ og því er heldur ekki lýst hvers konar aðstoð lögreglu ber að veita rannsóknarnefndinni. Ætla má með hliðsjón af lokamálsliðnum að öðrum björgunar- og hjálparliðum sé ekki skylt að veita þessa aðstoð.

Ég tel eðlilegt að lögreglan aðstoði rannsóknarnefndina með því að girða af vettvang og hefta umferð óviðkomandi um vettvangssvæði í þágu rannsóknarinnar svo og varðveita hluti, tengda slysinu, sem rannsaka þarf. Jafnframt getur lögreglan væntanlega aðstoðað við að hafa upp á fólki sem taka á skýrslu af í þágu rannsóknarinnar.

Hins vegar er af og frá, ekki síst með hliðsjón af því hvernig skilið hefur verið afdráttarlaust á milli lögreglurannsóknar og rannsóknar nefndarinnar, að nefndin geti tekið lögreglulið eða hluta þess í sína þjónustu og stýrt því svo sem orðalagið „skal hafa sjálfstæðan rétt til að kveðja sér til aðstoðar getur þó vakið hugmyndir um.“

- Umsögn frá 12. nóvember 2003 um frumvarp til um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsíbyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, fullgilding spillingarsamnings, 146. mál.

Engar athugasemdir eða ábendingar voru settar fram af hálfu ríkissaksóknara.

- Umsögn frá 12. nóvember 2003 um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 8/1993, 9. mál, sem barst frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Umsögnin er svohljóðandi:

#### I.

Borist hefur til umsagnar frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 8/1993, 9. mál.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að lagðar séu til nokkar breytingar á samkeppnislögum „sem m.a. er ætlað að skýra og skerpa á verkaskiptingu og samskiptum milli Samkeppnisstofnunar og ríkislögreglustjóra vegna brota á samkeppnislögum auk þess sem brot fyrirtækja varða ekki lengur refsingum.“

Þegar samkeppnislög voru sett árið 1993 og samkeppnisvöldum veitt heimild til að beita stjórnvaldssektum vegna brota á lögnum fór hvorki fram fagleg athugun eða umræða um stjórnvaldssektir og samspil þeirra og annarra viðurlaga vegna brota á lögnum né um málsmeðferð vegna ætlaðra brota á lögnum. Tel ég að slík athugun þurfi að fara fram áður en gerðar verða frekari breytingar á ákvæðum samkeppnislaga sem lúta að viðurlögum og rannsókn og meðferð mála samkvæmt lögnum.

Ég er andvígur frumvarpinu sem fyrir liggur til umsagnar og tel ákvæði þess um máls-

meðferð, sem koma fram í 2. gr. og að nokkru leyti í 3. gr. frumvarpsins, óheppileg og varla framkvæmanleg.

## II.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til samkeppnislaga á sínum tíma voru þær nýjungar sem felast í ákvæðum um stjórnvaldssektir skýrðar með eftirfarandi orðum:

*„Nýmæli er í lögnum að samkeppnisráði er veitt heimild til þess að leggja á sektir vegna brota á samkeppnisreglum. Þetta er í samræmi við þróun í nágrannalöndunum og byggist á því hve samkeppnismál eru flókin og vandmeðfarin og því er talið rétt að þeir sem hafa sérþekkingu fái slíka heimild.“*

Vegna þessarar skírskotunar til þróunar í nágrannalöndunum þykir rétt að horfa til þess hvernig málum er skipað á Norðurlöndum að þessu leyti:

**Danmörk.** Samkeppnisyfirvöld hafa ekki heimild til að beita stjórnvaldssektum en geta beitt dagsektum, sbr. konkurrenceloven nr. 539/2002. Refsingar vegna brota á lögnum eru sektir og má fella sektir jafnt á einstaklinga sem lögaðila.

**Noregur.** Samkeppnisyfirvöld hafa ekki heimild til að beita stjórnvaldssektum en geta beitt dagsektum, sbr. konkurranseloven nr. 65/1993. Refsingar vegna brota á lögnum eru sektir og fangelsi allt að 3 árum og allt að 6 árum í mjög alvarlegum tilvikum. Unnt er að fella sektir á lögaðila jafnt sem einstaklinga. Nýtt frumvarp til samkeppnislaga hefur verið lagt fram á þingi í Noregi og verður vikið að því hér á eftir.

**Svíþjóð.** Samkeppnisyfirvöld geta gert kröfu fyrir dómstóli, „Stockholms tingsrátt“, um að fyrirtæki verði gert að greiða gjald, „konkurrenskadeavgift“, vegna brota á samkeppnisreglum samkeppnislaga, sbr. konkurrenslag 1993:20. Um venjubundnar refsingar vegna brota á lögnum er ekki að ræða.

**Finnland.** Samkeppnisstofnun, „konkurrensverket“ gat gert kröfu um að samkeppnisráð, „konkurrensrádet“, legði gjald, „páföljdsavgift“, á atvinnurekanda vegna tiltekinna brota á samkeppnislögum, sbr. lag om konkurrensbegrænsingar nr. 480/1992. Um venjubundnar refsingar vegna brota á samkeppnisreglum laganna er ekki að ræða. Með lögum nr. 1531/2001 voru lög um samkeppnisráð afnumin og verkefni ráðsins flutt til „Marknadsdomstolen“.

Samkvæmt framanröktu heimilar **Ísland** eitt Norðurlanda samkeppnisyfirvöldum að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á samkeppnislögum.

Ástæða þykir til að ítreka að brot á samkeppnisreglum samkeppnislaga sæta venjulegri refsimeðferð í Danmörku og í Noregi en í Svíþjóð og Finnlandi beita dómstólar eins konar stjórnvaldssektum samkvæmt kröfu samkeppnisyfirvalda og þá eingöngu gegn fyrirtæki eða atvinnurekanda (atvinnustarfsemi).

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til breytinga á samkeppnislögum sem varð að lögum nr. 107/2000 segir um breytingu á 52. gr. laganna m.a. þetta:

*„Í athugasemdum við frumvarp til gildandi samkeppnislaga sagði að stjórnvaldssektar-ákvæði laganna væri sniðið að EES-löggjöfinni og þeim reglum sem gilda í EB. Þrátt fyrir þetta er efnisregla 52. gr. ekki að öllu leyti sambærileg við samkeppnisreglur EES-samningsins. Því er lagt til að 2. mgr. 52. gr. verði breytt í samræmi við framangreindar fyrirmyndir. Er í því sambandi sérstaklega höfð hliðsjón af 15. gr. bókunar 4 við samning EFTA-ríkjanna*



um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Með þessari breytingu er stuðlað að því að sektar-  
ákvarðanir hér á landi verði í samræmi við það sem tíðkast erlendis.”

Samkvæmt því sem ég hef rakið að framan má hins vegar ljóst vera að á öðrum  
Norðurlöndum, sem ýmist eru EB- eða EES-ríki, hefur ekki verið talin ástæða til að taka  
upp ákvæði um stjórnvaldssektir í samkeppnislög, sambærileg þeim íslensku, til að stuðla  
að því að sektarákvarðanir „verði í samræmi við það sem tíðkast erlendis.”

### III.

Eins og getið var hér að framan hefur verið lagt fram á þjóðþingi Noregs frumvarp til nýrra  
samkeppnislaga, sbr. Ot.prp.nr. 6(2003-2004). Er ákvæðum um viðurlög þar skipað með  
áþekkingu hætti og í íslensku samkeppnislögunum. Gert er ráð fyrir að Samkeppnisstofnun,  
„Konkurransetilsynet“, geti lagt stjórnvaldssektir, „overtredelsesgebyr“, á fyrirtæki vegna  
ásætnings- og gáleysisbrota gegn tilteknum ákvæðum laganna. Þá er gert ráð fyrir að beita  
megi sektum og fangelsi allt að 3 árum, fangelsi allt að 6 árum í sérstaklega alvarlegum  
tilvikum, í venjubundnu refsímáli. Í norsku hegningarlögunum, sbr. §48a, er almennt  
ákvæði um refsíabyrgð fyrirtækja sem tekur jafnt til brota á samkeppnislögum sem brota  
á refsíákvæðum annarra laga.

Í umfjöllun, greinargerð sem fylgir norska lagafrumvarpinu, er fjallað um úrræði sem  
Samkeppnisstofnun getur gripið til vegna brota á bannákvæðum laganna og eru úrræðin  
eftirfarandi, sbr. „Til §9 Konkurransetilsynets oppgaver” í frumvarpinu:

1. Aðgerðir sem fela í sér bann eða fyrirmæli.
2. Dagsektir.
3. Stjórnvaldssektir.
4. Kæra til lögreglu og ákærvalds.

Þá er um það fjallað í frumvarpsgögnum að æskilegt kunni að vera að setja reglur og  
leiðbeiningar, t.d. í formi kærureglugerðar, „anmeldelsesinstruks”, um hvaða mál sku-  
li kæra og færa yfir til lögreglu og ákærvalds. Ekki verður séð í frumvarpsgögnum að  
nokkur ágreiningur sé um það hjá viðkomandi yfirvöldum í Noregi að mál vegna brota á  
samkeppnislögum skuli reka í einum farvegi, annað hvort hjá samkeppnisyfirvöldum eða  
hjá lögreglu og ákærvaldi eftir að kært hefur verið.

Ákvæðin í íslensku samkeppnislögunum um úrræði Samkeppnisstofnunar eru full-  
komlega sambærileg þeim í norska frumvarpinu. Íslensk samkeppnisyfirvöld geta gripið  
til áðurnefndra úrræða gagnvart brotum á bannákvæðum laganna og sjálfsagt er og eðli-  
legt að mál verði rekin í einum farvegi hvort heldur hjá samkeppnisyfirvöldum eða lög-  
reglu og ákærvaldi. Um þetta á ekki að þurfa ríkja ágreiningur en þó er skynsamlegt að  
setja reglur um hvenær samkeppnisyfirvöld skuli kæra til lögreglu eða ákærvalds ekki  
síst í þágu samræmis og jafnræðis við meðferð mála, sbr. til hliðsjónar VI. kafla reglu-  
gerðar nr. 373/2001 um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna.

Í greinargerð með umræddu frumvarpi til breytinga á samkeppnislögum segir hins  
vegar: „Gert er ráð fyrir að rannsókn Samkeppnisstofnunar og ríkissaksóknara fari fram  
samhliða. Ekki er að sjá að slíkt geti falið í sér vandamál þar sem Samkeppnisstofnun og  
ríkissaksóknara er falið að rannsaka ólíka fleti þessara mála enda verða þessar rannsóknir  
að vera sjálfstæðar hvor á sinn hátt.”

Bent er á að mjög líklegt er að slíkt fyrirkomulag sem lýst er með ofangreindum orðum og felst í 2. gr. frumvarpsins stríði gegn meginreglum um réttláta málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu nema Samkeppnisstofnun hagi meðferð máls í samræmi við reglur laga um meðferð opinberra mála.

Þá verður ekki séð hvaða „ólíka fleti þessara mála“ Samkeppnisstofnun annars vegar og ríkissaksóknara hins vegar er falið að rannsaka enda eru brot sem fyrirtæki bera refsíabýrgð á ávallt drýgð af einstaklingum. Rannsókn hlýtur því óhjákvæmilega að beinast að háttsemi einstaklinga, einkum þeirra sem stýra fyrirtæki sem grunað er um brot á samkeppnislögum.

#### IV.

Með umræddu frumvarpi til breytinga á samkeppnislögum er lagt til að refsingar við brotum á ákvæðum laganna verði hertar og í greinargerð segir m.a. svo: „Þess má geta að víðast hvar á Norðurlöndum [.....] er gert ráð fyrir 5-6 ára fangelsi vegna brota á ákvæðum samkeppnislaga.“

Hér að framan var þess getið hvernig viðurlögum er hagað í samkeppnislögum annarra Norðurlanda. Einungis í Noregi er unnt að beita fangelsisrefsingu vegna brota á samkeppnislögum. Lýsing í greinargerðinni er því orðum aukin.

#### V.

Í tilefni af 1. gr. umrædds frumvarps tek ég fram að ég tel þörf á að endurskoða ákvæði samkeppnislaga um leit og haldlagningu og gera það skýrara. Eðlilegt er að í ákvæðinu komi afdráttarlaust fram hvort heimildin til leitar á starfsstöð fyrirtækis sé háð úrskurði dómstóls. Ennfremur tel ég rétt að tilgreina viðeigandi lagaákvæði í lögum um meðferð opinberra mála sem fylgja ber við framkvæmd leitar og haldlagningar sem fram fer samkvæmt samkeppnislögum en ekki vísa almennt til ákvæða um leit og haldlagningu í lögum um meðferð opinberra mála.

Með tilliti til reglunnar um réttláta málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu ber að gjalda varhuga við að heimila samkeppnisyfirvöldum leit á heimili stjórnanda fyrirtækis þegar hugsanlegt brot stjórnans á samkeppnislögum getur varðað hann refsingu. Að sjálfsögðu kemur ekki til greina að veita samkeppnisyfirvöldum lagaheimild til leitar á heimili stjórnanda fyrirtækis nema samkvæmt dómsúrskurði og ennfremur sýnist eðlilegt að setja það skilyrði fyrir leitarheimild að sérstök ástæða sé til að ætla að á heimilinu sé að finna sönnunargögn í viðkomandi máli.”

- Umsögn frá 13. nóvember 2003 um frumvarp til laga um mannréttindasáttmála Evrópu, 13. samningsviðauki, 142. mál.  
Af hálfu ríkissaksóknara var tekið undir tillögur sem fólust í frumvarpinu.
- Umsögn frá 25. nóvember 2003 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, um brottvísun og heimsóknarbann, 10. mál.  
Umsögnin er svohljóðandi:

„Markmið frumvarpsins er göfugt en ríkissaksóknari álitur að huga þurfi miklu betur að efnisatriðum aðallaggreinar frumvarpsins, skilyrðum brottvísunar af heimili, málsmeðferðarreglum o.fl. og mælir gegn því að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Telur ríkissaksóknari mikilvægt að ákvæðum um brottvísun af eigin heimili, heimsóknar- og nálgunarbann, þ.e. skilyrðum fyrir að beita úrræðunum, hver taki ákvörðun um að beita þeim og málskotsreglum, verði skipað með samræmdum hætti.

Athygli vekur að í greinargerð með frumvarpinu, kafla þar sem fjallað er „**almennt um frumvarpið**“ segir að þetta frumvarp fjalli um vægari úrræði en nálgunarbann, sbr. lög nr. 94/2000. Ekki verður annað séð en að úrræði frumvarpsins gangi lengra en úrræði nálgunarbanns enda er hér gert ráð fyrir að unnt sé að víkja manni brott af heimili sínu þrátt fyrir grundvallarreglur um friðhelgi einkalífs.

Vikið verður nokkrum orðum að skilyrðum brottvísunar og málsmeðferðarreglum.

*Skilyrði brottvísunar af eigin heimili:*

Í greinargerð segir að frumvarpið taki mið af norskum og sænskum lögum en fyrirmynd þeirra sé frá Austurríki.

Í **Noregi** er það skilyrði brottvísunar af eigin heimili að **nærtæk (augljós) hættu** (nærliggende fare) sé á að maður muni drýgja refsiverða háttsemi gegn öðrum manni (person), sbr. 3. mgr. 222a. gr. norsku refsiréttarfarlaganna.

Í **Svíþjóð** er skilyrði brottvísunar af eigin heimili nánast hið sama og í Noregi. **Hætta af manni þarf að vera nærtæk eða augljós** (påtáglig risk) og brot þess sem þola skal brottvísun af heimili sínu gegn sambýliskonu/manni geta verið ofbeldisbrot og brot gegn frelsi og friðhelgi. Frekari skilmálar eru í sænsku lögunum, sbr. 1a. gr. laga 1988:688 um besöksförbud með síðari breytingum, annars vegar um meðalhóf og hins vegar um að sá sem brottvísunin á að vernda skuldbindi sig til að leyfa gagnaðilanum að nálgast persónulegar eigur sínar.

Fyrirmyndin sem sögð er frá **Austurríki** virðist ekki geyma vægari skilyrði brottvísunar af eigin heimili en eftirmyndirnar, sbr. 38a. gr. í lögum um öryggislögregluna nr. 566/1991 með síðari breytingum.

*Málsmeðferð:*

Bæði í Noregi og Svíþjóð er það hlutverk **ákæranda** að taka ákvörðun um brottvísun, heimsóknar- og nálgunarbann í upphafi eða til bráðabirgða. Orðið heimsóknarbann, besöksförbud, er notað í lögum beggja landa um úrræðin öll og um þau fjallað í samhengi og í sömu lagaákvæðum.

Samkvæmt **norsku lögunum** ber ákærandanum að leggja málið fyrir dómstól eins fljótt og mögulegt er og í síðasta lagi 5 dögum eftir að hann tók ákvörðun sína. Dómstóll kveður síðan upp úrskurð í málinu. Ákvæðin um heimsóknarbann er í refsiréttarfarlagum eins og áður var sagt.

Samkvæmt **sænsku lögunum** getur sá sem þolir heimsóknarbann og einnig sá sem heimsóknarbannið á að vernda óskað þess að ákvörðun ákærandi í málinu verði lögð fyrir dómstól, sem þá tekur ákvörðun í málinu. Ef aðilar hins vegar sætta sig við ákvörðun ákærandi stendur hún þar til annað verður ákveðið. Ákvæðin um heimsóknarbann eru í sérlægum eins og áður var sagt.

Samkvæmt ákvæðum um **nálgunarbann** í lögum okkar um meðferð opinberra mála

nr. 19/1991 gerir lögregla kröfu um nálgunarbann fyrir dómi sem síðan tekur ákvörðun um hvort nálgunarbann verður lagt á. Í nefndaráliti allsherjarnefndar dags. 2. maí 2000 kemur fram að synjun lögreglu um að krefjast nálgunarbanns sé kæránleg til dómsmálaráðuneytis. Þar eð ákvæðum um nálgunarbann er skipað í lög um meðferð opinberra mála og þar meðal ákvæða um þvingunarúrræði við meðferð sakamála telur ríkissaksóknari að eðlilegt hefði verið að lögreglustjóri sem handhafi ákærvalds hefði það hlutverk að gera kröfu um nálgunarbann. Synjun lögreglustjóra um að krefjast nálgunarbanns hefði þá mátt kæra til ríkissaksóknara með sama hætti og aðrar ákvarðanir sem lögreglustjóri tekur á grundvelli laga um meðferð opinberra mála svo sem frávísun kæru, niðurfellingu máls o.s.frv. Með því að kæruleið í framangreindu efni liggur til dómsmálaráðuneytis, eins og áður segir, er nálgunarbannið ekki viðfangsefni ákærvalds og ákvæði um það eiga því heima í lögreglugögum en ekki gögum um meðferð opinberra mála þar sem fyrst og síðast er fjallað um viðfangsefni sem heyra undir ákærvald.

Sem fyrr segir telur ríkissaksóknari að úrræði sem felur í sér heimild til að víkja manni brott af eigin heimili gangi lengra en nálgunarbann. Samkvæmt gildandi lagaákvæðum hefur lögreglustjóri ekki heimild til að beita nálgunarbanni til bráðabirgða. Meðan gögum er þannig hagað kemur varla til greina að mati ríkissaksóknara að veita lögreglustjóra heimild til að vísa manni brott af eigin heimili til bráðabirgða.”

- Umsögn frá 26. nóvember 2003 um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 38. mál, um vændi.

Umsögnin er svohljóðandi:

„Ríkissaksóknari getur ekki mælt með samþykki frumvarpsins eins og það liggur fyrir en álitur að tímabært sé að endurskoða efni 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telur ríkissaksóknari að þeirri endurskoðun verði best komið fyrir hjá Refsíréttarnefnd.

Tekið er undir þá tillögu sem felst í frumvarpinu að vændi verði refsilaust.

Efast er um að rétt sé að gera kaup á kynlífsþjónustu eða vændi refsiverða háttsemi en að öðru leyti þykja þær breytingar á 206. gr. sem felast í frumvarpinu ekki nægilega skýrar.

Ástæða þykir til að minna á, þótt fram komi beint eða óbeint í greinargerð með frumvarpinu, að „sænska leiðin“ er fest í sérlög og geta refsingar við brotum á þeim gögum numið sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Bent er á að efni 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins og efni 227. gr. a. gildandi hegningarlaga um mansal kunni að skarast.“

- Umsögn frá 26. nóvember 2003 um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum gögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla, 41. mál.

Umsögnin er svohljóðandi:

„Ríkissaksóknari telur eðlilegt að ákvæði um vitnaskyldu í 1. og 2. gr. frumvarpsins verði tekin til meðferðar í réttarfarsnefnd í sambandi við endurskoðun nefndarinnar á réttarfarslögum. Meginefni þessara ákvæða frumvarpsins, þ.e. 1. mgr. ákvæðanna, er í

aðalatriðum í samræmi við dómaframkvæmd hér á landi en þarfnast nákvæmari útfærslu og t.d. nánari skilgreiningar á því til hverra þau taki. Að öðru leyti sér ríkissaksóknari ekki ástæðu til að fjalla um nefnd ákvæði frumvarpsins.

Ríkissaksóknari mælir gegn öðrum greinum frumvarpsins. Búast má við að ákvæði um þagnarskyldu í þar umræddum lögum reynist haldlaus verði ákvæði þessi samþykkt enda mun mat viðkomandi starfsmanns ráða því hvort málefni telst eiga brýnt erindi til almennings.“

- Umsögn frá 26. nóvember 2003 um frumvarp til laga um bótarétt höfunda og heimildarmanna, 42. mál.

Umsögnin er svohljóðandi:

„Ríkissaksóknari hefur í umsögn, dagsettri í dag, um frumvarp til breytinga á nokkrum lögum, 41. mál, mælt gegn samþykki 3. - 5. gr. þess frumvarps, sem varða þagnarskylduákvæði í tilteknum lögum, og telur ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta frumvarp um bótarétt höfunda og heimildarmanna.“

## **7. Starfsmenn ríkissaksóknara**

Starfsmenn við embætti ríkissaksóknara voru þann 31. desember 2003:

Bogi Nilsson, ríkissaksóknari

Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, sem starfað hefur við embættið í rúm 40 ár.

Sigríður Jósefsdóttir, saksóknari

Ragnheiður Harðardóttir, saksóknari

Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari

Jón Erlendsson, fulltrúi

Kolbrún Sævarsdóttir, fulltrúi

Fimm starfsmenn voru á skrifstofu embættisins:

Bjarnfríður Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri

Guðmundur Arnfinnsson, sakaskrárritari

Þorgerður Þórdís Haraldsdóttir, málaskrárritari, sem gegnir hálfu starfi

Jenný Heiða Björnsdóttir, ritari

Anna Matthildur Axelsdóttir, ritari

Samkvæmt framangreindu voru 12 starfsmenn við embætti ríkissaksóknara þann 31. desember s.l., 8 konur og 4 karlar, í ellefu og hálfu starfi.

## **Bogi Nilsson, ríkissaksóknari** **Framtíðarskipan ákærvalds.**

Á ráðstefnu sem haldin var á vegum lagadeildar Háskóla Íslands 21. og 22. febrúar 2003 flutti ég erindi um „*Hvert á að vera skipulag ákærvalds hér á landi?*” Erindi sem flutt voru á ráðstefnunni gaf Háskólaútgáfan út 2003 undir titlinum **Rannsóknir í félagsvísindum IV**. Hér á eftir fer einskonar útdráttur úr erindi mínu þar sem ég lýsi hugmyndum um skipan ákærvalds í landinu.

### *Handhafar ákærvalds*

Með ákærvald skulu fara:

Ríkissaksóknari,

héraðssaksóknarar,

lögreglustjórar

og þeir sem skipaðir eru eða ráðnir til að fara með ákærvald í umboði þeirra.

Samkvæmt framangreindu verður ákærvaldið á þremur stigum en er nú á tveimur, þ.e. hjá ríkissaksóknara og lögreglustjórum.

Ákvörðunum lögreglustjóra, t.d. um að fella mál niður, verði unnt að skjóta til héraðssaksóknara. Ákvörðun héraðssaksóknara á fyrsta stigi ákærvalds verði unnt að skjóta til ríkissaksóknara. Hins vegar verði ekki unnt að skjóta niðurstöðu héraðssaksóknara í kærumáli vegna ákvörðunar lögreglustjóra til ríkissaksóknara. Reynt verði að haga reglum um meðferð ákærvalds þannig að ríkissaksóknari taki ekki ákvörðun í málum á fyrsta stigi ákærvalds.

Verkaskipting með handhöfum ákærvalds, þegar til málshöfðunar í opinberum málum er litið, verði í höfuðdráttum á þann veg að lögreglustjórar og héraðssaksóknarar höfði mál fyrir héraðsdómstólunum en ríkissaksóknari ekki eða einungis í algjörum undantekningartilvikum. Skipting mála á milli lögreglustjóra og héraðssaksóknara, ákveðin í réttarfarslögum, verði með áþekkingu hætti og nú er á milli lögreglustjóra og ríkissaksóknara. Þó ber að athuga hvort ekki sé ástæða til að fela héraðssaksóknurum málshöfðun vegna sérstakra og alvarlegra sérrefsilagabrota auk svonefndra efnahagsbrota.

### *Lögreglustjórar sem ákærendur*

Lögreglustjórar, 27 að meðtöldum ríkislögreglustjóranum, fara nú með ákærvald í 26 lögregluumdæmum. Ákærvald ríkislögreglustjórans er ekki bundið við ákveðið lögregluumdæmi. Sýslumenn eru lögreglustjórar í 25 lögregluumdæmum en í Reykjavík eru embætti sýslumanns og embætti lögreglustjóra aðgreind.

Hugmynd mín er að ekki fleiri en 8 lögreglustjórar fari með ákærvald í umdæmum og aldrei fleiri en héraðsdómstólar í landinu eru. Ríkislögreglustjórinn fari ekki með ákærvald. Unnt er að koma þessari skipan á þótt fjöldi sýslumannsembætta verði óbreyttur með því að fara að eins og hér segir:

1. Að lögreglustjórn og meðferð ákærvalds verði skilin frá embættum sýslumanna og stofnuð sérstök umdæmi og embætti lögreglustjóra. Lögreglustjóraembættin verði ekki fleiri en héraðsdómstólar í landinu eru.
2. Að lögreglustjórn og meðferð ákærvalds verði skilin frá flestum embættum sýslumanna og falin öðrum sem fari áfram með lögreglustjórn og ákærvald. Embætti sýslumanna sem fari áfram með lögreglustjórn og ákærvald verði ekki fleiri en héraðsdómstólarnir.
3. Að takmörkuðum fjölda embætta sýslumanna, ekki fleiri en héraðsdómstólar eru, verði falið að fara með opinbera málshöfðunarheimild lögreglustjóra í refsímálum vegna brota sem ekki er heimilt að ljúka með lögreglustjórásátt. Samkvæmt því fyrirkomulagi sem lýst er í þessum lið gætu allir sýslumenn farið með lögreglustjórn í sínu umdæmi en ákærvaldi yrði hins vegar hagað með áþekkingum hætti og lýst er í 2. lið.

Mikilvægt er að stefnt verði að því að umdæmaskiptingu verði hagað þannig, þótt taka verði tillit til umdæmaskiptingar héraðsdómstóla, að í hverju umdæmi lögreglustjóra sem fer með ákærvald muni tveir starfsmenn lögreglustjóra hið fæsta eingöngu sinna störfum ákæranda. Þessir starfsmenn lögreglustjóra hafa haft starfsheitið „fulltrúi“ eða „lög-lærður fulltrúi“. Brýnt er að finna þeim skýrt starfsheiti sem skírskoti til meðferðar eða handhafnar ákærvalds. Í Danmörku, þar sem við höfum leitað fyrirmynda um skipan ákærvalds, eru þessir starfsmenn yfirleitt nefndir politiadvokater. Bein þýðing á danska starfsheitinu virðist tæpast koma til greina og því varpa ég fram til umhugsunar starfsheitinu „lögreglusóknari“.

#### *Héraðssaksóknarar*

Umdæmi héraðssaksóknara verði landið allt og embættisskrifstofa þeirra í Reykjavík. Einn héraðssaksóknaranna verði þar í fyrirsvari á hverjum tíma m.a. til þess að úthluta viðfangsefnum til annarra héraðssaksóknara. Verði hann valinn til þess hlutverks með áþekkingum hætti og dómstjóri héraðsdómstóls er valinn og skipaður.

Héraðssaksóknarar hafi eftirlit með framkvæmd ákærvalds hjá lögreglustjórum, rannsókn mála og saksókn, höfða mál og annast sókn mála fyrir dómstólum í samræmi við lagaákvæði um verkaskiptingu á milli lögreglustjóra og héraðssaksóknara. Ríkissaksóknari geti falið héraðssaksóknurum flutning mála fyrir Hæstarétti.

Svonefndum efnahagsbrotum eða alvarlegum og flóknum fjármunabrotum m.m., sem efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans hefur sinnt, verði skipað með sérstökum hætti annaðhvort að dansk/sænskri eða norskri fyrirmynd. Í fyrirsvari starfseminnar, þar sem sinnt verður bæði rannsókn og eftirfarandi málshöfðun vegna nefndra brota, verði héraðssaksóknari. Slík breyting yrði fremur að formi en efni enda hefur gefist mjög vel að koma þessum erfiða málaflokki fyrir hjá sérdeild sem hefur á að skipa hinu hæfasta starfsliði.

E.t.v. er unnt að fella sig við starfsheitið héraðssóknari í stað héraðssaksóknari, sbr. það sem áður sagði um lögreglusóknara.

### *Ríkissaksóknari*

Megin viðfangsefni ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákærvalds verður sem fyrir að annast meðferð mála af hálfu ákærvalds fyrir Hæstarétti, hafa almennt eftirlit með framkvæmd ákærvalds í landinu og leitast við að samræma hana, veita öðrum handhöfum ákærvalds leiðsögn með almennum leiðbeiningum eða fyrirmælum, móta stefnu ákærvalds með hliðsjón af lögum eða annars konar ákvörðunum æðstu handhafa ríkisvalds og vera í fyrirsvari ákærenda í samskiptum við ákærendur í öðrum ríkjum.